

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Stofnunar Gunnars Gunnarssonar.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Stofnunar Gunnars Gunnarssonar og er með sérstaka stjórn og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr.

Heimilisfang og varnarþing.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Skriðuklaustri í Fljótsdal.

3. gr.

Markmið.

Tilgangur sjóðsins er tvíþættur: annars vegar að renna stoðum undir starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri með árlegum framlögum til hennar; hins vegar að styðja rithöfunda, listamenn, fræðimenn og námsfólk til verka er samræmast hlutverki Gunnarsstofnunar. Með þeim hætti er sjóðnum ætlað að efla menningarstarf á Skriðuklaustri og styrkja ímynd Gunnarsstofnunar sem menningarstofnunar.

4. gr.

Stofnendur og stofnframlag.

Stofnandi Menningarsjóðs Stofnunar Gunnars Gunnarssonar er mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969.

Heildarframlag stofnfjár er lagt fram af ríkissjóði og er kr. 43.412.013 sem samsvarar þeim fallbótum sem Landsvirkjun greiddi íslenska ríkinu fyrir vatnsréttindi Skriðuklausturs við Jökulsá á Dal vegna lands Brattagerðis. Þar af eru 10.000.000 kr. óskerðanlegur hluti stofnframlangs sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Sjóðurinn er óháður öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn Menningarsjóðs Stofnunar Gunnars Gunnarssonar er skipuð þremur mönnum og einum til vara til þriggja ára í senn. Stjórn Stofnunar Gunnars Gunnarssonar tilnefnir two fulltrúa og einn til vara. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefnir einn fulltrúa úr hópi afkomenda Gunnars Gunnarssonar fyrir hönd ráðuneytisins. Sjóðstjórn kýs formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun fyrir venjuleg stjórnarstörf.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum skipulagsskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins og kemur fram fyrir hans hönd gagnvart þeim sem veita sjóðnum fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ákveður stefnu og starfstilhögun sjóðsins í samræmi við skipulagsskrá þessa og setur sér starfsreglur.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila og hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum sjóðsins. Sjóðstjórn ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins.

6. gr.

Fundarboðun.

Boða skal til stjórnarfundar með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks málს

ef það málefni sem fyrir liggar til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar. Fundargerðir stjórnar skuli birtar opinberlega.

*7. gr.
Tekjur.*

Tekjur Menningarsjóðs Stofnunar Gunnars Gunnarssonar auk vaxta af stofnframlagi eru tekjur af framlögum frá opinberum aðilum, einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár.

Tekjum Menningarsjóðs Stofnunar Gunnars Gunnarssonar má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist tilgangi sjóðsins, sbr. 2. gr., og til að standa straum af kostnaði við rekstur sjóðsins.

*8. gr.
Ráðstöfunarfé og styrkveitingar.*

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar vaxtatekjur af eignum sjóðsins að frádegnum verðbótum. Jafnframt hefur sjóðstjórn heimild til að verja allt að 10% af höfuðstól sjóðsins til styrkveitinga samkvæmt ákvæðum 9. gr. en án þess þó að ganga á óskerðanlegan hluta sjóðsins, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjöldum samkvæmt nánari ákvæðum er sjóðstjórn ákveður.

Stjórn skal úthluta ráðstöfunarfé til styrkja sem samrýmast megin tilgangi sjóðsins skv. 2. gr. skipulagsskrárinna og í samræmi við auglýsingu.

*9. gr.
Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum næstliðins árs fyrir 1. maí ár hvert.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af eða hljóta könnunaráritun af löggiltum endurskoðanda, sem skipaður er af stjórn eitt ár í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fē sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningsskil sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*10. gr.
Breyting samþykktu, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningará Menningarsjóðs Stofnunar Gunnars Gunnarssonar ganga eigin hans til Stofnunar Gunnars Gunnarssonar sem ráðstafar þeim í samræmi við þann tilgang sem lýst er í 2. gr. hér að ofan.

*11. gr.
Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. ágúst 2013.

Bjarni Stefánsson.

Auður Steingrimsdóttir.